

Ævintýri á Úlfjótssvatni



Myndasýrpa á bls. 8

Mynd: Bandalag íslenskra skáta.

Drekaskátar, sem eru skátar á aldrinum 7-9 ára, fengu loksins tækifæri til að hittast á skátamóti sem haldið var á Úlfjótssvatni um liðna helgi. Þangað stefndu 160 drekaskátar af öllu landinu ásamt 80 fararstjórum, foringjum og sjálfboðaliðum sáu um veglega dagskrá fyrir skátana.

Þemað í ár var ævintýraþema þar sem skátarnir fengu að spreyta sig í fjölbreyttri dagskrá, t.d. klifri, bogfimi, svampakasti, vatnasafarí og bátadagskrá svo fátt eitt sé nefnt. Sú nýlunda

var þetta árið að mótið var heila helgi en hefur hingað til verið ein gistinótt.

Skátarnir komu víða að, m.a. frá Akureyri, Vestmannaeyjum og Dalabyggð. Að auki mætti nýjasta skátafélagið á Íslandi á svæðið en það er hið endurvakta skátafélag Farfuglar frá Breiðdalsvík.

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson verndari íslensku skátahreyfingarinnar heimsótti ungu skátana á mótinu og flutti þeim ávarp á kvöldvöku á laugardagskvöldinu.

Drekaskátarnir gróðursettu um 1000 tré til að kolefnisjafna þennan viðburð ásamt fleirum á komandi sumri enda eru 3 önnur skátamót fyrir ólík aldursbil á döfinni í sumar.

Mótið var skipulagt og framkvæmt af teymi ungra sjálfboðaliða sem flest eru á aldrinum 17-25 ára. En eitt meginmarkmið skátahreyfingarinnar er að gera ungu fólki kleift að takast á við krefjandi og spennandi verkefni og það hefur þessi flotti hópur svo sannarlega gert.



Mikil upplyfting í Skálholti

Söguleg stund átti sér stað þriðjudaginn 7. júní þegar ný, dönsk kirkjuklukka var hífð neðan af bílastæði Skálholtskirkju og látin síga niður um þekjuna á turni kirkjunnar. Sú gamla hafði brotnað við innhringingu á Skálholtshá-

tíð fyrir tuttugu árum síðan, árið 2002. Kraninn sem notaður var við verkið var frá JÁVERK en klukkan og allur búnaður kemur frá Thomo klukkusmíði í Danmörku og grindin frá vélsmiðjuni Óðni.



F.v. Einar Freyr Elínarson, Björn Þór Ólafsson og Drífa Bjarnadóttir.

Einar Freyr er nýr sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 8. júní 2022 réð meirihluti B-lista Framsóknar og óháðra Einar Frey Elínarson sem sveitarstjóra Mýrdalshrepps. Einar Freyr hafði áður verið oddviti sveitarstjórnar árin 2018-

2022. Einar Freyr mun taka við starfinu af Þorbjörgu Gísladóttur frá og með 1. ágúst nk.

Á fundinum var Björn Þór Ólafsson kjörinn nýr oddviti sveitarstjórnar og Drífa Bjarnadóttir varaoddviti.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaðflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Myndlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 8-12 ára á Listasafni Árnesinga.

Námskeiðið fer fram 27. júní - 1. júlí frá kl. 13:00-15:00

Námskeiðisgjald er 25.000 kr og allt efni er innifalið.

Skráning:
fraedsla@listasafnarnesinga.is
 Námskeiðið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.





Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir.

Nafnasamkeppni fyrir nýjan skemmtistað

Á Facebook-síðunni „Miðbær Selfoss“ var í síðustu viku óskað eftir tillögum um nafn á nýjan skemmtistað sem kemur til með að opna í sumar. „Ónefndi barinn“ verður hýstur af endurbýggðri „Friðriksgáfu“ sem staðsett er við Brúartorgið góða.

Hlynur Friðfinnsson, verti, var glaður í bragði þegar blaðamaður náði tali af honum. „Þetta gengur mjög hratt og vel við erum bjartsýn á að við getum opnað mjög fljótlega. Það er mikið af viðburðum framundan, allt frá tónleikum til beinna útsendinga frá íþróttaviðburðum. Þessi staður

er klárlega eitthvað sem vantar á Selfoss, við erum á fullu við að leita okkur að ungu, jákvæðu og skemmtilegu starfsfólki á meðan við leggjum lokahönd á staðina og erum mjög spennt fyrir því að fá að opna dyrnar fyrir gestum og gangandi.“

Í samkomuhúsinu, sem er á þremur hæðum, verður tónleika- staðurinn Sviðið á neðstu hæð en á miðhæð/rísi verður bar/skemmtistaður sem eftir á að nefna.

Af því tilefni slá miðbæingar upp nafnasamkeppni í leit að rétta nafninu á staðinn.

Það er til mikils að vinna því komi tillagan til með að vera sú rétta er 25.000 kr. gjafabréf í Mjólkurbúinu og annað 25.000 kr. gjafabréf á „Ónefndum bar“ í verðlaun. Rétt er að taka fram að „Friðriksgáfa samkomuhús“ er núverandi vinnuheiti staðarins og því ekki gilt sem tillaga í þessari keppni. Miðbæingar áskilja sér rétt til að hafna öllum tillögum og ef að tveir eða fleiri verða með sömu tillögu verður dregið um sigurvegarann.

Tillögur berist á tölvupóstfangið tj@sviðid.is.



BLÁSKÓGABYGGÐ Útboð ræstinga

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í ræstingu og hreingerningu Reykholtsskóla í Reykholti. Upphaf verktíma er við skólabyrjun í ágúst 2022.

Verkefnið felst í ræstingu og hreingerningu grunnskólans. Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 9. júní 2022. Þeir sem óska eftir að fá gögnin afhent sendi tölvupóst á asta@blaskogabyggd.is eða hafi samband í síma 480 3000.

Tilboðum skal skilað til Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, fyrir kl. 12 miðvikudaginn 22. júní 2022, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.



Kvenfélag Eyrarbakka með hátíðardagskrá á 17. júní

Dagskráin verður haldin í íþrótt- og samkomuhúsinu að Stað Eyrarbakka. 17. júní hátíðarhöldin á Eyrarbakka eru í höndum Kvenfélags Eyrarbakka og eru styrkt af Sveitarfélaginu Árborg.

- Hátíðinn er sett klukkan 14:00
- Fjallkona flytur ávarp.
- Hátíðaræða
- Einar Mikael töframaður skemmtir með ýmsum töfrum og kynnir dagskrá

- Latibær, íþróttarálfurinn og Solla stírða
- Leikskólabörn úr leikskólanum Strandheimum gleða með söng
- Andlitsmálun frá Sirkus Íslands fyrir börn
- Skemmtiatriði frá Sirkus Íslands
- Ungmennafélag Eyrarbakka afhendir viðurkenningar fyrir Hópslaupið 2022
- Kaffi, kaka og drykkir fyrir börn og fullorðna

Kvenfélagi Eyrarbakka

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is





TILBOÐ Á SUMARBOLUM

ALLIR SUMARBOLIR
Á AFSLÆTTI TIL 21. JÚNÍ

GILDIR EINNIG Í NETVERSLUN
OKKAR TISKUVERSLUN.IS
KÓÐINN ER BOLUR20



LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Limmiðar



Stimplar



UMHVERFISVOTTUN
PRENTSMÍÐJÁ

📍 Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944 📧 selfoss@prentmetoddi.is

Saman náum við árangri

Þinn árangur
Arion



Þjónusturáðgjafi í Vík í Mýrdal

Við leitum að öflugum aðila í starf þjónusturáðgjafa í Vík í Mýrdal. Við viljum fá til liðs við okkur starfsfólk sem hefur áhuga á að sinna krefjandi verkefnum og hefur ánægju af því að veita framúrskarandi þjónustu.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á arion.is/starf.
Umsóknarfrestur er til 22. júní 2022.



Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- › Að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst og í útibúi
- › Móttaka viðskiptavina
- › Kennsla og kynning á stafrænni þjónustu bankans
- › Að framfylgja þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni
- › Ýmis önnur verkefni í samráði við yfirmann

Um er að ræða 60% starf. Vinnutími er frá 11:30-16:00 alla virka daga

Ráðning sveitarstjóra í Rangárþingi eystra

Að afliðnum kosningum þann 14. maí ákváðu fulltrúar D- og N-lista að hefja meirihlutasamstarf og var oddviti D-listans, Anton Kári Halldórsson sveitarstjóraefni meirihlutans, þrátt fyrir skýran málflutning N-lista um að ekki væri vit í öðru en að ráða sveitarstjóra á faglegum forsendum. Þessi málflutningur var af mörgum dreginn í efa þegar fréttir bárust um hið nýja sveitarstjóraefni. Það var svo á 298. fundi (fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar) þann 2. júní 2022 sem steininn tók úr þegar oddviti N-lista greiddi atkvæði gegn og felldi þar með tillögu minnihluta um að ráða sveitarstjóra á faglegum forsendum. Enginn rökstuðningur hefur fylgt þeirri ákvörðun N-listans um að skipta um pól í málinu líkt og raun ber vitni.

Á 299. fundi sveitarstjórnar þann 9. júní 2022 lagði oddviti sveitarstjórnar svo fyrir sveitarstjórn drög að ráðningasamningi við nýjan sveitarstjóra og óskaði eftir samþykki sveitarstjórnar.

Ráðningarsamningurinn sem lagður var fyrir sveitarstjórn er byggður á gömlum hefðum og fannst minnihluta sveitarstjórnar eðlilegt að gera tillögu um að breytingar yrðu unnar á samningnum og hann færður til nútíma í takt við þær breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum á vinnumarkaði.

Eftirfarandi eru þær breytingar sem B-listi lagði til að gerðar yrðu á samningnum

Fulltrúar B-lista gerðu það að tillögu sinni að laun sveitarstjóra myndu vera í samræmi við þau sem voru samþykkt fyrir fjórum árum eða 1.500.000. í stað 1.839.013. sem meirihluti D-og N-lista lögðu til. Enda er sveitarstjórnin einnig kjörin fulltrúi og fær laun sem slíkur eða 10% af þingfarakaupi fyrir setu í sveitarstjórn. Að auki var lagt til að hætt yrði að styðjast við launavísitölu Hagstofunnar við útreikning á launum sveitarstjóra, sem tekur mið af allri launaþróun í landinu hvort sem er á opinberum markaði eða á einkamarkaði. Tenging við launavísitölu Hagstofunnar hefur þau áhrif að átak um hækkun lágmarkslauna hefur gríðarleg áhrif á öll laun sem tengd eru við launavísitöluna þvert gegn tilgangi átakins. Taldi minnihlutinn að þróun launa sveitarstjóra ætti að taka mið af þróun þingfarakaups sem einungis



Stóri Dímon. Mynd: Hvolsvollur.is

tekur mið af launaþróun opinberra starfsmanna.

Fulltrúar B-lista töldu að laun miðuð við 1.500.000 væru mjög sanngjörn en töldu þó afnám tengingar við launavísitölu Hagstofunnar skipti enn meira máli til að koma í veg fyrir að laun sveitarstjóra héldu áfram að hækka óhóflega en þau hafa hækkað um 20% á seinustu fjórum árum.

Jafnframt lögðu fulltrúar B-lista til að uppsagnarfrestur sveitarstjóra, ef honum yrði sagt upp störfum væri hæfilegur 3 mánuðir til jafns við þann frest sem hann hefur kjósi hann sjálfur að segja upp störfum. Meirihluti lagði til 6 mánaða frest. Töldu fulltrúar B-lista að eðlilegt væri að allir starfsmenn sveitarfélagsins hefðu sömu réttindi ef til uppsagnar kæmi.

Að lokum lögðu fulltrúar B-lista til að biðlaun sveitarstjóra yrðu þrír mánuðir eins og var á síðasta kjörtímabili í stað þeirra sex sem fulltrúar meirihluta lögðu til. Jafnframt var gerð tillaga að því að ef sveitarstjóri tæki við launuð starfi á biðlaunatíma myndu þau laun sem hann fengi koma til lækkunar á biðlaunum þeim sem sveitarfélagið greiddi honum. Þessi tillaga er í góðu samræmi við þau ákvæði sem gilda um biðlaun þingmanna en þau eru bæði þrír mánuðir og jafnframt gilda sömu ákvæði um launuð störf á biðlaunatíma og fulltrúar B-lista lögðu til.

Þrátt fyrir að fulltrúar N- og D-lista tækju sér fundarhlé til þess að fara yfir þær breytingar sem við lögðum til voru þær felldar allar sem ein án nokkurra útskýringa. Frambjóðendur N-lista hafa talað fyrir nýjum áherslum í takt við þróun samfélagsins og kemur það því á óvart að fulltrúar listans, hafa farið gegn öllum skynsamlegum tillögum í þessu máli þrátt fyrir

að jafnvel hafa talað fyrir þeim fyrir kosningar.

Við höfðum ekki erindi sem erfiði þrátt fyrir að við teldum þær tillögur sem lagðar voru fram ættu ekkert skilt við pólitík og væru einungis til þess fallnar að færa ráðningu sveitarstjóra sveitarfélagsins og umgjörðina um hana nær öðrum starfsmönnum í sveitarfélaginu og á atvinnumarkaði.

Fulltrúar B-lista lýstu yfir samstarfsvilja og hvöttu fulltrúa meirihluta til að taka umræðu um ráðningarsamninginn en umræddur fundur er eina tækifæri sveitarstjórnar til að ræða samninginn og gera á honum eðlilegar breytingar. Óskað var eftir að tillögurnar yrðu bornar upp hver í sínu lagi til að reyna að mæta meirihlutanum af sanngirni en allt kom fyrir ekki.

Það er ljóst að nýr meirihluti sveitarstjórnar ætlar að verða sveitarfélaginu nokkuð dýr því ofan á 15 milljóna króna biðlaun (á virði dagsins í dag) sem verða í boði fyrir sveitarstjóra þrátt fyrir að hann myndi taka strax við öðru starfi, auk verulegrar hækkunar á launum á milli ára þá hefur nýr meirihluti á fyrstu fundum sínum aukið útgjöld sveitarfélagsins um 12 milljónir að lágmarki í nefndarlaunum á kjörtímabilinu miðað við tillögur ráðgjafa sem meirihluti sveitarstjórnar samþykkti á seinasta kjörtímabili. Því er farið þvert gegn ráðleggingum sérfræðinga sem keypt var þjónusta af til ráðgjafar um stjórnskipulag sveitarfélagsins. Þetta fjáraustur hefur átt sér stað á fyrstu viku þessa kjörtímabils.

B-listi mun halda áfram mál-efnagrei gagnrýni á störf meirihlutans allt þetta kjörtímabil enda telur hann það hlutverk sitt.

Fulltrúar B-lista í sveitarstjórn Rangárþings eystra.



Sunnlenski matgæðingurinn



Líney Kristinsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Líney Kristinsdóttir.

Ætli ég verði ekki að þakka honum Óla vini mínum fyrir traustið, alltaf gott að vita að maður sé hæfur í að deila uppskriftum, mér hefur reyndar áður hlotnast þessi heiður og þá sagði ég frá því að ég væri ekki mjög góð í að fara stíft eftir uppskriftum en aftur á móti mjög góð í að skeyta saman tveimur uppskriftum eða skipta út einu eða tveimur hráefnum fyrir annað sem er mér meira að skapi, því hafa flestallar uppskriftir þróast í mínar uppskriftir.

En nú er sumarið komið og ég held ég ætli bara að deila með ykkur hugmyndum að meðlæti sem getur gengið með öllum mat og í útileguna og sósu sem er vinsæl á mínu heimili þessa dagana.

Brokkolísalat

Brokkolíhaus stór
1 stk cheddar ostur (Cathedral City 200 gr.), skorinn í teninga
1 stk. rauðlaukur, fínst saxaður
1 pakki beikonkurl, ca 250 gr fer eftir smekk
Pekanhnetur ca. 100 gr., saxa smátt
1-2 dósir af sýrðum rjóma

Brokkolí er skorið í hæfilega bita og sett í sjóðandi vatn svo það mýkist aðeins en alls ekki sjóða það, sigtað og sett til hliðar. Beikonkurl er steikt á pönnu og sett á disk til hliðar til að kólna, set það oft á eldhúspappír til að fjarlægja umfram fitu. Rauðlaukur og pekanhnetur er saxað smátt og sett í skál síðan er cheddar osturinn skorinn í litla teninga og settur úti og svo síðast brokkolí og beikonkurl, sýrði rjóminn settur úti og öllu blandað saman og hér þarf ekkert krydd því beikonið sér um öll þau bragðefni.

Ég geri þetta salat ekki eftir nákvæmri uppskrift og því mæli ég með að hver og einn sé ófeiminn að minnka eða auka hráefnin eftir sínum smekk, og oft geri ég þessa sömu uppskrift og skipti út brokkolí fyrir rauða papriku og vínber og það er líka mjög gott.

Salatið er svo sett í kæli og borið fram með steikinni um kvöldið eða tekið með í útileguna.

Einfaldasta eplasalat sem til er
2 stór græn epli
Blá vínber ca. 100- 200 gr.
1 kókosrjómi ca. 200-300 ml

Eplin eru afhýdd og skorin í bita og vínberin skorin í tvent, kókosrjóminn er þeyttur og öllu blandað saman í skál og sett inn í kæli. Þetta passar td. mjög vel með kalkún, kjúkling, hamborgarhrygg og purusteik.

Rauðvínssósa

Rauðvín ca. 300 ml
Nautasóð ca. 300 ml
Rauðlaukur 1-2 stk.
fer eftir stærð
Stjórnuanis 1 st.
Timjan ferskt
Smjör ca. matskeið
Salt og pipar

Laukurinn er skorinn í sneiðar og steiktur upp úr smjöri ásamt einum stjórnuanis í ca 15 – 20 mín við lágan hita til að ná fram góðu sætu laukbragði. Svo er saltað og piprað og tveimur vænum stilkum af timjan bæt við. Næst er rauðvinið sett út í, það þarf að nota gott rauðvín til að sósan verði góð. Þetta er látið sjóða þannig áfengið gufi upp og sósan sjóði aðeins niður. Því næst er kjötsoðinu bætt við og sósan látin sjóða smá niður aftur. Að lokum er laukurinn og timjan sigtað frá, smá sjörklípa sett úti til að fá gljáa á sósuna og saltað og piprað meira ef þarf.

Það má nota kjötsoð af steikinni en einnir er í góðu lagi að nota 300 ml af vatni og kjötkraft.

Þessa uppskrift fann ég frá einhverjum flottum kokk fyrir nokkrum árum og ég hef bara ekkert breytt henni nema stundum sleppi ég að nota timjan.

Ég ætla að skora á hana systur mína Sigurlínu Kristinsdóttur listakonu og listakokk sem er matreiðslukennari í MH að koma með einhverjar sníldar uppskriftir í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÖLAR

Blítt og mjúkt í eyru er,
einnig tóninn gefur þér,
hana úti hlöðu sá,
hún svo greinir ánni frá.

Svar við gátu í blaði 2652: **LYKKJA**

1. Getnaðarvörn - 2. Girðingar**lykkja**

3. Hákarls**lykkja** - 4. **Lykkja** var dæmd stigahæsta hryssan árið 2021





Sveitarstjóri Rangárþings ytra

Staða sveitarstjóra Rangárþings ytra er laus til umsóknar. Leitað er að drifandi stjórnanda til að leiða áframhaldandi uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Helstu verkefni

- Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsfólks sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirmensjón með skipulagi og virkni stjórnýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náð samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Gæta hagsmuna sveitarfélagsins út á við, vinna að framfaramálum þess og vera talsmaður sveitarstjórnar
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtast í starfi
- Reynsla af stjórnun, rekstri og bókhaldi
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund
- Áhugi og reynsla af eflingu atvinnulífs til að stuðla að vexti samfélagsins
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Æskilegt að hafa þekkingu á og reynslu af lögum og reglugerðum í opinberri stjórnýslu
- Reynsla af störfum á sveitarstjórnarstigi er æskileg
- Æskilegt er að sveitarstjóri sé búsettur í sveitarfélaginu



Rangárþing ytra er sveitarfélag í örum vexti, staðsett í hjarta Suðurlands og skartar mörgum af fegurstu náttúruperlum Íslands. Sveitarfélagið er landstórt með um 1.840 íbúa og hefur þeim farið fjölgandi. Stærsti þéttbýliskjarninn er Hella þar sem um 1.000 manns búa. Dreifbýlið er blómlegt með öflugum landbúnaði, hestamennsku og vaxandi ferðaþjónustu. Mikil uppbygging hefur verið í öllu sveitarfélaginu undanfarin ár. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Sveitarfélagið rekur grunn- og leikskóla bæði á Hellu og Laugalandi og sundlaugar á báðum stöðum, ásamt því að reka íþróttahús á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ. Hafnar eru framkvæmdir við uppbyggingu nýs skólahúsnæðis á Hellu, sem felur í sér viðbyggingu við grunnskólann og byggingu nýs leikskóla og tónlistarskóla, en allir skólarnir verða samtengdir. Samhliða verður íþróttastaða utandýra endurnýjuð.

Rangárþing ytra er skilgreint sem heilsueflandi samfélag og eru einkunnarorð þess „fyrir okkur öll“.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með **27. júní nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is, og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, yrsa@hagvangur.is.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar, systur og frænku,

Guðnýjar Krístrúnar Davíðsdóttur,
Hulduhóli 1
Eyrarbakka,



Ingibjörg Birgisdóttir
Davíð Kristjánsson **Drífa Eysteinsdóttir**
Margrét Birgitta Davíðsdóttir **Þórmundur Sigurðsson**
Davíð Ingimar Þórmundsson
Birgir Þór Þórmundsson
Unnur Hekla Þórmundsdóttir
Sandra D. Gunnarsdóttir og fjölskylda
Guðlaugur Karl Skúlason og fjölskylda
Gerður Sif Skúladóttir og fjölskylda.



Matráður í Bláskógabyggð

Bláskógabyggð leitar að jákvæðum og drífandi einstaklingi í starf matráðs í mötuneyti Bláskógabyggðar í Aratungu í Reykholti. Um er að ræða mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk leik- og grunnskóla auk annarra starfsmanna og eldri borgara. Fjöldi matarskammta er um 180 í senn.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á matseld, innkaupum, stjórnun, skipulagningu og framkvæmd
- Innkaup og pantanir á mat og öðrum aðföngum
- Frágangur og þrif auk annarra tilfallandi verkefna

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun í matreiðslu
- Hreinlæti og snyrtimennska
- Þekking á næringargildi og hollustu í matargerð
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, stundvísi, sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Um er að ræða fullt starf. Laun og starfskjör samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en í byrjun ágúst næstkomandi. Einstaklingar óháð kyni eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júní næstkomandi. Umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til Kristófers Tómassonar sviðsstjóra á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Aratungu Reykholti 806 Selfoss.

Matvælaframleiðsla er kostnaður fyrir fullveldi þjóðar

Ásmundur Friðriksson

Alþingismaður



Allur heimurinn er að bregðast við afleiðingum stríðsátakanna í Úkraínu með því að auka matvælaframleiðslu innanlands, en hvar stöndum við á Íslandi? Fjölmargar þjóðir hafa nú þegar lagt til aukið fjármagn til landbúnaðar til að koma í veg fyrir hrun í matvælaframleiðslu. Kostnaðarhækkanir á innfluttu hráefni er langt umfram það sem eðlilegt er að velta yfir á neytendur. Það þarf viðbótarfjármagn við þær 700 mkr. sem settar voru í landbúnaðinn til að bregðast við allt að 120% áburðarverðshækkunum í byrjun árs. Þær hækkanir voru aðeins forskekjurinn af því sem síðar kom.

Finnar styrkja landbúnað og sjávarútveg.

Í liðnum aprílmánuði ákvað finnsla ráðherraefndin sem fjallar um neyðarviðbúnað að setja 300 milljónir evra til styrktar innlendri matvælaframleiðslu. Neyðarpakkinn inniheldur m.a. greiðslur til að styðja við lausafjárstöðu bænda og langtímaaðgerðir innanlands. Yfir 27 milljónir evra var

varið til bygginga á eldishúsum, gróðurhúsum, geymslum fyrir grænmetis- og garðyrkjuafurðir, stuðning við hreindýrarækt og sjávarútveg. Það vekur athygli Íslendinga að nágrannaþjóðirnar styrki sjávarútveg sem hér er sérstaklega skattlagður. Þá var 45 milljónum evra varið til lækkunar á orkuskipti og í raun allt gert til að styrkja og auka matvælaframleiðslu innanlands.

Það er lán Íslendinga að vera ekki hluti af raforkumarkaði Evrópusambandsins en háar hækkanir á raforku ganga nærri fjárhag heimila og atvinnulífs í sambandinu. Á Íslandi standa heimilin og atvinnulífið styrkari fótum með stöðugt raforkuverð þegar aðrar innfluttar kostnaðarhækkanir dynja á þjóðinni þrátt fyrir verulega styrkingu krónunnar.

Norðmenn bæta kjör bænda.

Í Noregi hafa þjóðir og stjórnvöld nýlega lokið samningaviðræðum um landbúnaðarstuðning fyrir 2022-2023. Síðustu ár hafa norskir bændur setið eftir í tekjuþróun samanborið við aðrar greinar í landinu en núna hafa norsk stjórnvöld komið til móts við bændur og bæta þeim versnandi kjör síðustu ára. Sá kostnaðarauki sem nú blasir við bændum í Noregi er að fullu mætt með hærri afurðaverði og opinberum stuðningi (90% tekið í gegnum

aukinn stuðning og með styrkingu búvörusamnings og 10% með hækkun afurðaverðs). Með þessum ráðstöfunum mun stuðningur við norska bændur aukast um 10,9 milljarða norskra króna og hækkun afurða 1,5 milljarð norskra króna á samningstímabilinu.

Viðspyrnuaðgerðir fyrir bændur.

En hvað geta stjórnvöld hér á landi gert til að treysta fæðuöryggi þjóðarinnar? Væri það ekki góð hugmynd að skoða viðspyrnuaðgerðir fyrir landbúnaðinn líkt og gert var í kórónuveirufaraldrinum, en nú til að lækka kostnað sem lagst hefur á matvælaframleiðsluna í landinu vegna stríðsaðgerða Rússa í Úkraínu? Í byggingariðnaði er þeim kostnaði óhikað velt út í verðlagið, á herðar neytendum.

Með því að fara að hætti Norðmanna mætti koma í veg fyrir hækkanir til neytenda og þeir bændur sem hafa þurft að taka á sig auknar hækkanir fái þær bætтар en komist hjá því að velta þeim út í verðlagið. Það mun líka gera bændum auðveldara í samkeppni að mæta undirboðum innfluttra landbúnaðarafurða. Það á að vera stefna stjórnvalda að auka og treysta matvælaframleiðslu í landinu. Það er hluti af þeim kostnaði að vera frjáls og fullvalda þjóð.

Englar og menn í Strandarkirkju

Tónlistarhátíðin Englar og menn í Strandarkirkju hefst á sunnudaginn kemur, 19. júní með tónleikum kl. 16 (athugið breyttan tíma). Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og stendur yfir til 24. júlí en fresta þurfti tvennum tónleikum á síðasta sumri vegna Covid sem bætast nú við hátíðina í ár. Á tónleikunum á sunnudag koma fram þau Sigríður Aðalsteinsdóttir söngkona, Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari,

Guðbjartur Hákonarson fiðulleikari og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir sellóleikari. Yfirskrift tónleikanna er „Í sjöunda himni“ en þau munu flytja fjölbreytta og stórskemmtilega dagskrá eftir íslenska og erlenda höfundu.

Sunnudaginn 26. júní verður Tónlistarmessa þar sem sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar en tónlistina annast Björg Þórhallsdóttir sópran, Hilmar Örn Agnarsson leikur á orgel og

harmóníum og Matthías Nardéau á óbó.

Í júlímánuði verða svo fjölbreyttir og spennandi tónleikar á sunnudögum kl. 14 frá 3. -24. júlí.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sem fyrr Björg Þórhallsdóttir og aðgangseyrir er kr. 3.500.

Tónlistarhátíðin er styrkt af Samtökum sunnleenskra sveitarfélaga og Tónlistarsjóði.



Fann ástina á Selfossi eftir ferðalög um allan heim

Eva Dögg Atladóttir, dóttir Atla Gunnarssonar á Fossi og Kristínar Evu Jansson Sigurðardóttur, sem er gjarnan kölluð Keva, hefur undanfarin misseri staðið fyrir menningarviðburðum í kjallara Bókasafns Árborgar. Eva er með mörg járn í eldinum en hún hefur verið að læra tölvuforritun síðustu tvö og hálf ár og stundaði þar áður nám í mannfræði við Háskóla Íslands. Í dag starfar hún við liðveislu, býður upp á Bali- og Ayurveda nudd í Miðgarði, kennir Hatha yoga, er í óðaönn að setja upp vefverslun þar sem hún kemur til með að selja skart og fylgihluti frá Indlandi og er að læra indverska stjörnuspeki. Hún býr á Selfossi ásamt Ívari Bjarka Lárussyni, fangaverði og Aþenu Dröfn, dóttur þeirra.

Ferðalög og ævintýri voru það sem einkenndu æsku Evu, en hún flutti fyrst til Sviss 6 mánaða og hefur síðar búið ásamt fjölskyldu sinni í Þýskalandi, Belgíu, Indlandi og á Íslandi, auk þess að hafa ferðast til fleiri landa en þar má sem dæmi nefna Japan og Bandaríkin.

Eva upplifði því augljóslega heilan helling á sínum uppvaxtarárum og er þakklát fyrir að hafa hlotið þennan mikilvæga menningararf.

Þurfti ekki að leita langt til að finna ástina

Þrátt fyrir flakkið hefur Eva alla ævina haft annan fótinn á Selfossi, en faðir hennar, Atli Gunnarsson, er Selfyssingur í húð og hár, alinn upp á gamla bænum Fossi, þar sem Eva dvaldist öll sumur sem barn og ber sterkar taugar til Selfoss. „Svo fann ég ástina á Selfossi, af öllum stöðum!“ Segir Eva og hlær.

Eva er mikið í mun að láta sér og fólkinu í kringum sig líða vel og hennar frjó hugur verður þess valdandi að oftast tekst vel til.

„Á meðan Covid gekk yfir leiddist mér svo mikið að ég fór að hugsa um hvað ég gæti gert til þess að halda áfram að hafa gaman. Núna er ég komin í þannig starf að ég hef meiri frítíma og mig langar ekki að eyða honum öllum í að þrifa heima hjá mér, ég vil frekar búa til eitthvað skemmtilegt fyrir samfélagið og bjóða öllum sem ég þekki útum allan heim að koma hingað, ég þekki ótrúlega mikið af fólki víða um heiminn. Ég á fullt af vinum hér og í Reykjavík sem þekkja líka fólk allstaðar að úr heiminum.“

Suðurlandið hefur upp á mikið að bjóða

„Selfoss og allt Suðurland er svo efnilegt svæði, Selfoss er eiginlega að breytast úr þorpi



í bæ það er fullt af fólki á Suðurlandi með tengsl við fólk erlendis eða erlenda menningarheima og mig langar svo að gera það sem ég get til að færa menningu annarra þjóða til okkar, á Suðurlandið. Það er auðvitað fullt hægt að gera í Reykjavík en mig langar að auðvelda aðgengi fólks að fjölbreyttum menningarheimum, við eigum ekki alltaf að þurfa að fara til Reykjavíkur til að sækja í fjölmennigartengda hluti. Ef ég hugsa til dæmis út frá minni fjölskyldu, þá er ég núna komin með barn og mig langar ekki að eyða einum og hálfum klukkutíma í akstur til og frá Reykjavík til að geta sótt í svona viðburði, ég nenni ekki að eyða tímanum mínum í svo-leiðis vitleysu, ég vil bara gera það sem er gaman.“

Opnar fyrir fjölmenn-inguna á Suðurlandi

Eva fór þá að hugsa um hvað hún gæti gert til að láta hjólin byrja að snúast. „Ég ákvað að fara af stað með þessa fundi því það er svo ótrúlega mikið af áhugaverðu fólki hérna á Suðurlandi sem á tengingar út um allan heim og líka fullt af fólki sem hefur áhuga og þekkingu á öðrum menningarheimum og við þurfum að virkja þau.“

Framvegis ætlar Eva að standa fyrir allavega einum viðburði í mánuði sem verða opnir öllum sem vilja mæta, núna eru þrír viðburðir í sigtinu hjá henni, Hendrikka Waage ætlar til dæmis að vera með „pop-up“ verslun á Suðurlandi fljótlega. Sem dæmi yfir hugmyndir Evu eru tiskusýningar, matreiðslunámskeið, „pop-up“ verslanir, dansnámskeið, yoga og allt milli himins og jarðar. Í október kemur vinkona hennar frá Indlandi til landsins sem langar að bjóða upp á nám-

skeið í indverskri, lebanískri og mexíkóskri matargerð, ásamt því að hana langar að bjóða uppá námskeið í ferskri pasta-gerð svo það stefnir í mikið fjór í haust.

Burt með hatrið

Kærleikur og gleði einkennir lífsgildi Evu. „Í grunninn langar mig með þessu að uppræta rasisma, bara burt með hann, burt með hatrið. Ég vil búa í heimi þar sem öll eru velkomin, burt-séð frá því hvernig þau líta út. Eina leiðin til að uppræta rasisma er með fræðslu um menningu og kultúr annarra þjóða, fordómar eru alltaf byggðir upp á fáfræði og þekkingarleysi svo við þurfum bara að fræða fólk. Ég er búin að auðgast svo í lífinu við það að búa á öllum þessum stöðum. Fólk hefur sagt við mig að ég sé heppin, ég er heppin og ég vil deila því með öðrum, miðla minni reynslu áfram og leyfa öðrum að njóta þess hvað heimurinn er ríkur, við búum í geggjúðum heimi, lets do this!“

Öll velkomin

Eva býður öll velkomin. „Ég vil bara fá til mín fólk sem hefur áhuga á öðrum menningarheimum og vill gera eitthvað skemmtilegt, eins og til dæmis franskt bíókvöld þar sem við borðum osta og drekkum rauðvín, sushigerð, matur og tónlist, möguleikarnir eru endalausir. Núna erum við til dæmis að fá til okkar fullt af fólki frá Úkraínu, flóttamönnum, ég vil kynnst þeirra menningu, þau eru að verða partur af okkar menningu og ég vil að við getum gert eitthvað gott úr þessu, saman. Við búum við fjölmenningu svo afhverju ættum við ekki að njóta þess besta sem allir geta komið með að borðinu?“ -HGL

Fagribær til leigu

Fagribær á Bankavegi 10 verður til sýnis 17. júní frá kl 14 til 16.

Þetta hús gæti hentað fyrir ýmsa starfsemi td. skrifstofu, ýmsa þjónustu eða sem íbúð



Leikskólastjóri

Leikskólinn Leikholt í Brautarholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem er í u.þ.b. 20 mínútna akstursleið frá Selfossi, óskar eftir að ráða leikskólastjóra frá 1. ágúst 2022.

Í Leikholti eru 42 nemendur á aldrinum 1-5 ára. Þar vinnur metnaðarfullt og faglegt starfsfólk og þar ríkir góður vinnuandi. Lögð er áhersla á félagsfærniþjálfun, málörvun, læsi og kennslu í gegnum leik. Leikholt er þátttakandi í vináttuverkefni Barnaheilla og er umhverfisvænn leikskóli. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hlutverk leikskólastjóra er samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskólans.
- Foreldrasamstarf, samstarf milli heimilis og skóla.
- Samstarf við sveitarstjórn, sveitarstjóra og skólanefnd.
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu á leik-, grunn eða framhaldsskólastigi.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- og eða menntunarfræða er kostur.
- Reynsla við vinnu í leikskóla og/eða af stjórnun æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og tölvukunnátta.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þekking á rekstri leikskóla, grunnskóla eða annarri opinberri stjórnsýslu er kostur.

Allir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Frekari upplýsingar veitir Haraldur Þór Jónsson oddviti í síma 779-3333 eða í tölvupósti haraldur@skeidgnup.is

Umsóknir ásamt ferliskrá og leyfisbréfi sendist í tölvupósti fyrir 28.júní til haraldur@skeidgnup.is

160 drekaskátar hittust á Úlfljótsvatni

Myndir: Bandalag íslenskra skáta.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur,
Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna samþykktar á tillögu aðalskipulags.

1. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032 – 2002038

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2022 gildistöku nýs aðalskipulags Ásahrepps eftir auglýsingu. Að mati hreppsnefndar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna tillögunnar með fullnægjandi hætti innan tillögunnar. Niðurstaða hreppsnefndar Ásahrepps er kynnt hér með.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

2. Miðhús 1 L166579 og Miðhús 2 L166580; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2101012

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Miðhúsa 1 og Miðhúsa 2. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytta afmörkun og minnkun á frístundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar um u.þ.b. 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar um u.þ.b. 5 ha.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi skipulagslýsingar og deiliskipulagsáætlana:

3. Hrauneyjafosstöð, Sigöldustöð, Vatnsfellsstöð og Búðarhálstöð; Virkjanir; Deiliskipulag og deiliskipulagsbreyting – 2204066

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. maí 2022 að kynna skipulagslýsingu vegna virkjanna á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Unnið verður deiliskipulag fyrir eftirtaldar virkjanir; Hrauneyjafosstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð ásamt Vatnsfellsveitu. Auk þess verður gerð breyting á deiliskipulagi Búðarhálstöðvar.

4. Hraunkot; Fjölgun lóða og breytt stærð húsa; Deiliskipulagsbreyting – 2205021

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að kynna tillögu deiliskipulags er varðar breytingu á deiliskipulagi Hraunkots. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða um 59 sem verða 402 eftir breytingu. Stærðum aðalhúss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag A og B en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Miðhús 2 L166580; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2204032

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. maí 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags innan lands Miðhúsa 2. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða fyrir frístundahús sem byggir á samkomulagi landeigenda um skiptingu svæðisins.

6. Eyjarland L167649; Seiðaelði; Deiliskipulag – 2204070

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag og lóð Eyjarlands, L167649. Markmið deiliskipulagsins er að stuðla að frekari uppbyggingu fiskeldis og ákvarða byggingarmagn, hæðir húsa, nýtingarhlutfall, aðkomu og frárennsli fyrir starfsemina. Skilgreina byggingarreiði fyrir eldistjarnir, settjarnir og starfsmannaaðstöðu. Ráðgert er að bæta aðstöðu og aðbúnað á svæðinu bæði fyrir seiði og starfsfólk.

7. Eyvindartunga: Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegar; Deiliskipulag – 1706048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag í landi Eyvindartunga. Deiliskipulagið tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskóga-

byggðar þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákvarða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins auk þess sem gerð er grein fyrir aðkomu og veitum.

8. Miðdalur L167644; Aukin byggingarheimild; Hjólhýsasvæði felld út; Deiliskipulagsbreyting – 2010059

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. maí 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi að Miðdal, L167644. Í breytingunni felst að byggingarheimild fyrir frístundahús innan svæðisins er aukin úr 60 fm í 100 fm og að lóðarhafar geti byggt allt að 40 fm smáhýsi/gestahús á hverri lóð innan stækkaðs byggingarreits auk 15 fm geymslu sem teljast í báðum tilfellum til heimilaðs hámarksflatarmáls orlofs- eða frístundahúsa innan svæðisins. Skilmálar sem taka til þjónustuhúss og tjaldsvæðis eru uppfærðir auk þess sem hjólhýsasvæði á eldri uppdrætti er felld út.

9. Ásabyggð 32-42; Deiliskipulagsbreyting – 2111051

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Ásabyggðar. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennarasambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingarreits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild fyrir lagningu vegar að nýjum orlofshúsum. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram ásamt uppfærðum skipulagsgögnum.

10. Geysir; Hverasvæðið; Breytt stígakerfi og stækkunar friðlands; Deiliskipulagsbreyting – 2205102

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi Geysissvæðisins í Haukadal. Í breytingunni felst breyting á stígakerfi innan deiliskipulagssvæðisins sem og stækkun friðlands Geysissvæðisins.

11. Kringla 9 L232038; Árvægsbotnar 42-56; Deiliskipulag – 2202091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar nýtt deiliskipulag í landi Kringlu 9. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir frístundabyggð.

12. Neðan-Sogsvegar 61 L169338, Norðurkot, Skipting lóðar, Deiliskipulagsbreyting – 2010091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. júní 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á deiliskipulagi í landi Norðurkots. Í breytingunni felst ný skilgreining lóða og byggingarreiða innan svæðisins auk byggingarheimilda. Samhliða er lögð fram undanþága Innviðaráðuneytis vegna takmarkanna er varðar fjarlægð frá vegi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is

Mál nr. 1, 3 og 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 16. júní 2022 til og með 7. júlí 2022.

Mál nr. 2 og 5-12 innan auglýsingar eru auglýst frá 16. júní 2022 til og með 29. júlí 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Íþróttir



Mynd: UMFS/Hrefna Morthens.

Undanúrslit - Hér komum við!

FÓTBOLTI Selfyssingar eru komnir í undanúrslit Mjólkur-bikarsins eftir stórsigur á Þór/KA föstudaginn 10. júní. Valur, Breiðablik og Stjarnan eru þau lið sem einnig verða í pottinum þegar dregið verður í undanúrslitin.

Fyrri hálfleikur var vægast sagt dapur hjá okkar konum en gestirnir voru með forystuna þegar flautað var til hálfleiks, 0-1.

Það var í síðari hálfleik þar sem hjólin fóru að snúast hjá okkar konum. Brenna Lovera jafnaði leikinn á 50. mínútu þegar hún setti boltann snyrtilega í netið eftir góðan undirbúning frá Miröndu. Brenna var aftur á ferðinni skömmu síðar þegar hún kom Selfyssingum yfir eftir að hafa snúið varnarmann gestanna af sér og sett boltann í netið, ansi snyrtilegt.

Næst var komið að Barbáru

en boltinn barst til hennar úti hægra megin og hún kláraði færið með þrumuskoti í fjærhornið, 3-1.

Brenna Lovera fullkomnaði þrennu sína skömmu fyrir leiklok en aftur var það eftir undirbúning Miröndu sem átti frábæra sendingu inn fyrir vörn gestanna, beint á Brennu sem brást ekki bogalistinn og skoraði sitt þriðja mark og fjórða mark Selfoss.

Lokatölur, 4-1.

UMFS

Tökum stigið og höldum taplausir áfram!

FÓTBOLTI Fjöldmargt fólk lét sjá sig á JÁVERK-vellinum fimmtudaginn 9. júní þegar Selfoss og Fylkir mættust í toppslag Lengjudeildarinnar. Fyrir leikinn voru Selfyssingar taplausir.

Selfyssingar fengu þrjú afar góð færi í fyrri hálfleik til þess að skora en markvörður Fylkis bjargaði sínu liði. Fylkismenn komust yfir gegn gangi leiksins skömmu fyrir hálfleik þegar boltinn barst fyrir eftir hornspyrnu. 0-1 eftir 45 mínútur.

Hálfleiksraða Dean Martin kveikti greinilega vel í okkar mönnum en Hrvoje Tokic jafnaði metin á 50. mínútu af vítapunktinum eftir að Gonzalo Zamorano hafði verið felldur innan teigs. Selfyssingar héldu gleðinni áfram og Gary Martin kom liðinu yfir örfáum mínútum síðar þegar hann vann boltann frábærlega af varnarmanni Fylkis og setti boltann í autt markið eftir að hafa farið framhjá markverði Fylkis einnig.

Aron Einarsson fékk skömmu síðar að líta sitt annað gula spjald og þar með rautt, um það bil hálf tími var eftir af leiknum þegar það gerist. Fylkismenn þjörmuðu vel af Selfyssingum síðustu mínúturnar og uppskáru jöfnunarmark í uppbótartíma þegar boltinn endaði í netinu eftir klafs í teignum. Svekkjandi endir á annars mjög góðum leik.

Stigið þó gott þegar öllu er á botninn hvolft. Liðið er enn í toppsæti deildarinnar, taplaust.



Mynd: UMFS/Hrefna Morthens.

Næsti leikur liðsins er gegn Kórðrengjum í Safa-mýri á fimmtudaginn 16. júní.

Þökkum öllum þeim fjölmörgu Selfyssingum sem mættu á völlinn fyrir komuna og vonandi sjáum við ykkur síðar í sumar!

UMFS



Íþróttafréttir
sendist á dfs@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



Selfyssingar í landsliðsverkefnum

FÓTBOLTI Sex leikmenn meistaraflokks kvenna hafa verið valdir í verkefni á vegum KSÍ sem fara fram í júní og júlí. Sif Atladóttir er á leiðinni á sitt fjórða stórmót með A landsliði Íslands sem fer fram í Englandi 6.-31. júlí. Ísland er með Belgíu, Ítalíu og Frakklandi í riðli. Fastlega má búast við að Sif spili stórt hlutverk í liði Íslands á mótinu, enda einn af reynslumestu leikmönnum hópsins. Fjórir leikmenn Sel-

foss eru í U23 landsliði Íslands sem mætir Eistlandi þann 24. júní í Eistlandi. Ás-laug Dóra Sigurbjörnsdóttir, Barbára Sól Gísladóttir, Katla María Þórðardóttir og Unnur Dóra Bergsdóttir voru valdar í átján leikmanna hóp fyrir þetta verkefni. Að lokum var Auður Helga Halldórsdóttir valin í U18 landslið Íslands sem leikur tvo vináttuleiki við Finnland 22. og 24. júní í Finnlandi.

UMFS

50 ára afmælishlaup Bláskógaskokks tókst vel

FRJÁLSAR 43 keppendur tóku þátt í 50 ára afmælishlaupi Bláskógaskokks HSK sem haldið var sl. sunnudag í blíðskaparveðri. Tímamótanna var minnst sérstaklega í hlaupinu, en fram kom við setningu hlaupsins að það hafi verið þeir Brynleifur Steingrímsson lækni og Leif Österby hárskeri sem hafi verið aðalhvítamennirnir að halda fyrsta hlaupið árið 1972.

Börkur Þórðarson kom fyrstur í mark í 10 mílna hlaupi karla á tímanum 61:56 mín. og Andraea Kolbeinsdóttir vann kvennaflokkinn á tímanum 66,11 mín. Þau fengu í sérverðlaun gjafabréf frá fyrirtækjunum Fætur toga og Hótel Ör. Þess má geta að brautarmetinn í hlaupinu eiga þau Kári Steinn Karlsson og Marta Ernstsóttir. Kári hljóp árið 2010 á 53,51 mín og Marta hljóp vegalengdina á 60,35 mín árið 2006.

Eyþór Birnir Stefánsson kom

fyrstur í mark í 5 mílna hlaupinu á 36,49 mín., sem er HSK met í fjórum aldursflokkum frá 15-22 ára. Áslaug Karlsdóttir vann í kvennaflokki á 44:30 mín. Þau fengu gjafabréf frá Hótel Ör í sérverðlaun.

Það var Snæbjörn Sigurðsson í Efstadal sem afhenti verðlaun, en hann vann drengjaflokkinn í fyrsta Bláskógaskokkinu árið 1972.

Fleiri HSK met voru sett í hlaupinu, en Jórunn Viðar Valgarðsdóttir og Ingileif Auðunsdóttir settu báðar HSK met í sínum aldursflokkum í 5 mílna hlaupinu.

Auk sérverðlauna voru veitt svokölluð úrdráttarverðlaun sem voru í boði Run2. Þessum fyrirtækjum, auk Fontana á Laugarvatni er þakkaður stuðningurinn við hlaupið.

Heildarúrslit hlaupsins eru á www.timataka.net. HSK



Við rásmarkið í 10 mílum. Mynd: HSK/Engilbert



Boðið var upp á afmælistöku. Mynd: HSK/Engilbert



Sigurvegjar karla og kvenna í báðum vegalengdum, ásamt Snæbirni Sigurðsynni einni af sigurvegurunum úr fyrsta hlaupinu 1972. Mynd: HSK/Engilbert



Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límimiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

UMFÍ

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

**UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ**

**SELFOSS
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM
MÓTIÐ Á
ULM.IS

Hamarshöggið

Góð íþróttastaða er grunnur að góðu íþróttastarfi. Hamarshöllin hefur svo sannarlega þjónað hlutverki sínu vel síðan hún reis fyrir 10 árum síðan á hagkvæman hátt. Þótt höllin hafi fyrst og fremst verið aðstaða fyrir knattspyrnudeild félagsins sáu útsjónarsamir aðilar til þess að einnig væri þar íþróttagólf sem varð mikill vaxtarsproti fyrir aðrar deildir félagsins sem nýttu það vel til æfinga og mótahalda. Eins hafði húsið fjölbreytt notagildi fyrir eldri borgara, golfkennslu og ýmsa aðra viðburði.

Þegar við undirrituð settumst í stjórn Íþróttafélagsins Hamars á aðalfundi félagsins 16. febrúar 2020 hefði okkur aldrei grunað að við ættum eftir að upplifa þá eyðileggingu á starfsemi félagsins sem hefur raungerst í dag.

Þegar Hamarshöllin féll þann 22. febrúar sl. fór af stað gríðarleg vinna hjá sjálfbodaliðum félagsins að endurskipuleggja sig fram á vorið og jafnframt unnum við hratt með bæjaryfirvöldum að því að tryggja rútuferðir á Selfoss og í Þorlákshöfn fyrir stærstu deildirnar okkar, fimleika og knattspyrnu, sem fengu takmarkaða æfingaaðstöðu þar. Allar deildir Hamars, fyrir utan sunddeild, þjoppuðu sér saman í íþróttahúsið við Skólamörk með skertan æfingatíma sem hafði áhrif á yngri flokka starfið sem og það mikla afreksstarf sem er í gangi í félaginu.

Ljótur leikur

Samhliða þessu fór af stað mikil umræða í samfélaginu okkar. Aðilar sem hafa haft horn í síðu Hamarshallarinnar frá því að hún reis fyrir 10 árum síðan börðu sér á brjóst og hringdu jafnvel í formenn og forsvarsmenn Íþróttafélagsins til þess að láta í ljós velliðan sína yfir því að loks væri þessi blaðra fokin sem þeim hafði aldrei þótt þóknanleg. Umræðan á samfélagsmiðlum og víðar var slík að við værum að drepa börnin okkar með því að senda þau til æfinga í Hamarshöllinni. Við værum að útskúfa börn frá íþróttastarfi með því að iðka íþróttir í Hamarshöllinni.

Íþróttafélagið Hamar var gert að pólitísku bitbeini og aðstaða þess var gerð að stóru kosningamáli, sem allir höfðu skoðun á, hvort sem þau höfðu beina aðild að félaginu eða ekki, hvort sem þau vissu eitthvað um íþróttamál eða ekki. Þetta var gert þvert á vilja félagsins.

Íþróttafélagið Hamar ákvað í aðdraganda kosninga að halda sig utan við pólitíska umræðu um þetta mál og er nú ljóst að það mun hafa gríðarlegar afleiðingar fyrir félagið. Sumir halda því fram að þetta hafi verið mistök og það má alveg færa rök fyrir því. Okkar skoðun er hinsvegar sú að íþróttafélag eigi ekki að vera pólitískt afl.

Ef íþróttafélag beitir sér í kosningabaráttu er ljóst að það mun alltaf tala gegn einhverjum flokkum, sérstaklega þegar plön þess ganga á skjön við skoðanir flokka og fólks þeim tengdum. Í aðdraganda kosninga kaus fólk að draga pólitískar línur, dylgja um persónur og draga ályktanir af þeim og skauta framhjá mál-efnalegri umræðu sem er samfélagslegt mein sem við þurfum að útrýma sem fyrst.

Leikgreining í hálfleik

Óhrekjanlegar staðreyndir máls eru þessar:

- Íþróttafélagið Hamar átti farsælt samstarf við bæjarstjórn fram að kosningum sem nálgadist verkefnið að endurreisa Hamarshöllina af yfirvegum og leitaði eftir upplýsingum frá Íþróttafélaginu um hvernig útfærslan yrði. Útbúin var aðgerðaaætlun sem unnið var eftir og væri enn verið að vinna eftir ef úrslit kosninga hefðu verið öðruvísi.
- Flokkar sem mynda nýjan meirihluta í Hveragerði hafa aldrei, hvorki fyrir né eftir kosningar haft samband við stjórn Íþróttafélagsins Hamars þar sem sjónarmið Íþróttafélagsins Hamars voru rædd, né hafa þau leitað sér upplýsinga um hvað Íþróttafélagið Hamar vill gera varðandi Hamarshöllina. Þau töluðu hinsvegar niður Hamarshöllina, fundu henni allt til foráttu og skilja mátti á þeirra málflutningi að aðrar, betri lausnir væru til staðar sem gætu verið komnar upp fyrir haustið, sem ólíklegt er að raungerist nú.
- Eftir undirritun kauptilboðs frá Duol 26. apríl sl. var haldinn fjölmennur borgarafundur þar sem Íþróttafélaginu Hamri var ekki boðið að koma sínum skoðunum á framfæri. Þá var mógæsingin í hámarki og hávær minnihluti talaði niður uppblásið íþróttahús með upphrópunum og frammíköllum. Það hefði verið stórkostlega óábyrgt af þáverandi meirihluta eftir þennan fund að skuldbinda bæjarfélagið á þeim tveimur vikum sem voru þá til kosninga þar sem öllum var þá ljóst að samningi um dúkhýsi yrði rift sama hvað það kostaði ef meirihlutinn héldi ekki sínum hlut að kosningum loknum með tilheyrandi tapi fyrir bæjarfélagið.
- Frá 16. maí sl. höfum við verið í óformlegum samskiptum við fólk tengdum nýjum meirihluta. 18. maí sl. bað Íþróttafélagið Hamar, formlega, oddvita nýmyndaðs meirihluta um fund til að koma skoðunum sínum á framfæri og jafnframt ræða: Nýjan þjónustusamning, tilfærslu verkefna til Íþróttafélagsins, uppbyggingu íþróttamannvirkja til langs og skamms tíma og önnur mál. Þessi



Þórhallur Einisson og Íris Brá Svavarsdóttir.

fundur hefur ekki enn raungerst og ekki verið boðaður, 26 dögum eftir kosningar, 24 dögum eftir að óformlega var boðið um samtal og samráð við sigurvegara kosninga. Allan þennan tíma höfum búið við óvissu um framtíðina og vitað fullvel að enginn innan núverandi meirihluta væri að vinna að framgangi þess að dúkhýsi myndi rísa á ný. Þau vildu tefja málið fyrir kosningar og þau hafa tafið málið vísvitandi eftir kosningar með það eitt að markmiði að renna út á tíma. Þetta kom bersýnilega í ljós á fyrsta bæjarstjórnarfundinum eftir kosningar þar sem engin skýr svör komu fram varðandi það hvernig nýr meirihluti ætlaði sér að tryggja hér þá íþróttaaðstöðu sem svo sárlega vantar fyrir komandi vetur.

- Allir sem komu að mál-efnum Íþróttafélagsins eftir fall Hamarshallarinnar vissu það að við vorum í kappi við tímann að koma upp aðstöðu fyrir haustið, því er það óafsakanlegt að ekki hafi náðst samstaða um það að styðja þétt við bak Íþróttafélagsins Hamars og sjá til þess að tryggja það að sá raunveruleiki taki við okkur í haust.

Tapið er stórt

Íþróttafélagið Hamar hefur tapað stórt á 30 ára afmæli þess. Innra starf félagsins hefur laskast og verkefni vetrarins eru gríðarleg sem þegar hefur sett sitt mark á sjálfbodaliða, þjálfara, iðkendur og aðra aðila innan íþróttafélagsins. Sú atburðarás sem sett var af stað fyrir kosningar hefur komið íþróttafélaginu í þessa erfiðu stöðu. Þau sem þetta rita hafa unnið ótúllega með virkri framkvæmda- og aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars síðastliðin þrjú ár til að auka kraft og skilvirkni þess og vinna að því m.a. að það komist í hóp fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Að baki liggja þúsundir klukkutíma hjá okkur tveim í

sjálfbodaliðavinnu af hugsjón, fyrir fimleikadeild, badmintondeild og síðast í aðalstjórn félagsins með hag Íþróttafélagsins okkar í heild sinni að leiðarljósi. Stundum, með jákvæðnina eina í farteskinu þegar erfiðu málin eru tekin fyrir.

Þegar þetta er ritað eru Hvergerðingar aftur farnir að rifast um Hamarshöllina á Facebook eins og gerðist oft í aðdraganda kosninga. Fæst af því sem þar kemur fram er málefnalegt þar sem pólitískar línur hafa mikil áhrif á umræðuna. Flestir eru nú fastir í pólitískum skotgröfum sem erfitt reynist að grafa sig upp úr. Fæstir eru raunverulega með upplýsingar um vanda og þarfir Íþróttafélagsins til skamms og lengri tíma. Umræðan í dag er slík að staðreyndir og rök fá lítinn hljómgrunn. Í staðinn dylgjum við um tímalínur og afstöður óháð því hver raunveruleikinn er.

Leiksklok

Við höfum nú tilkynnt aðalstjórn um afsögn okkar sem formaður og gjaldkeri Íþróttafélagsins Hamars. Ástæðan er einföld, við höfum eytt miklum tíma og orku í að byggja upp Íþróttafélagið Hamar síðustu ár og reyndum allt sem við gátum, eftir fall Hamarshallarinnar, til að tryggja það að íþróttastarf gæti hafist með eðlilegum hætti næsta haust. Við náðum ekki eyrum allra og því er staðan eins alvarleg og hún er í dag. Í stað þess að vera að vinna að undirbúningi fyrir venjulegt starf næsta haust, erum við í pattstöðu frá því úrslit kosninga voru ljós 14. maí sl. og ljóst er að ólíklegt er að Hamarshöllin risi í haust eins og vonir stóðu til. Atburðarásin sem sett var af stað í aðdraganda kosninga þar sem besti kosturinn var ítrekað talaður niður er með ólíkindum og hefði auðveldlega verið hægt að afstýra þessu ástandi með samtali, samráði og samvinnu í stað upphrópana og ómál-efnalegrar umræðu sem skilaði

okkur engu nema tjóni og leiðindum. Núverandi meirihluti hefur gert okkur ljóst, beint og óbeint, að þau hafa engan áhuga á því að vinna með okkur og því kveðjum við félagið okkar á þessum tímamótum í þeirri von að ný forysta nái sem fyrst þeim árangri sem okkur er meinað að ná fyrir félagið okkar.

Kæru félagar í Íþróttafélaginu Hamri, við þökkum gott samstarf sl. þrjú ár og hvetjum ykkur til að standa saman óháð flokkadráttum á þessum erfiðu tímum. Nú er tíminn til að fylkja sér að baki félaginu og gera allt sem í ykkar valdi stendur til að það nái vopnum sínum á ný. Íþróttafélagið á betra skilið en þetta, deildir Íþróttafélagsins eiga betra skilið en þetta. Iðkendur, þjálfarar, sjálfbodaliðar og aðstandendur félagsins eiga svo sannarlega betra skilið en þetta. Nú er tíminn fyrir ferska og öflugra forystu sem tekur við keflinu og vinnur að félaginu af áframhaldandi alúð og metnaði. Við munum ekki láta okkar eftir liggja í að styðja þá forystu, hér eftir sem hingað til.

Kæri lesandi, að endingu viljum við spyrja þig að þessu. Hvort telur þú að vænlegast sé að láta aðalstjórn Hamars, sem inniheldur alla formenn deilda þess og fimm meðlimi framkvæmdastjórnar, benda á og meta bestu kosti við uppbyggingu á íþróttaaðstöðu bæjarins eða háværa minnihlutann sem öskrar á Facebook og hefur engan áhuga á því að taka þátt í að byggja upp öflugt íþróttastarf á þessum krefjandi tímum? Við völdum fyrri kostinn, en ljóst er hverjum nýr meirihluti fylgir.

Með baráttukveðju,

Þórhallur Einisson,
fráfarandi formaður
Íþróttafélagsins Hamars.

Íris Brá Svavarsdóttir,
fráfarandi gjaldkeri
Íþróttafélagsins Hamars.

Staða íþróttauppgildingar í Hveragerði

Þann 22. febrúar sl. fauk Hamarshöllin af grunni sín- um í heilu lagi í miklum vindi. Í kjölfar skýrslu sem Verkís var fengin til að gera fyrir bæjar- stjórn ákvað fyrrum meirihluti Sjálfstæðisflokksins á bæjar- stjórnarfundum 13. apríl sl. að panta nýtt loftborið íþróttahús til að blása upp á grunni Hamarshallarinnar og hafnaði að skoða aðra hagkvæma valkosti. Skrifað var undir tilboð frá sló- enska framleiðandanum Duol um kaup á nýjum dúk þann 26. apríl sl. Síðan hefur komið í ljós að fyrrum meirihluti Sjálfstæð- isflokksins virðist aldrei hafa pantað nýjan dúk frá Duol og aldrei var gerður samningur um slíkt, né liggja fyrir nein gögn um málið í málakerfi bæjarins. Óljóst er hvers vegna þáverandi bæjarstjóri ákvað að fylgja ekki eftir ákvörðun þáverandi meiri- hluta Sjálfstæðisflokksins um að panta nýjan dúk frá Duol. Þó er ljóst að upplýsingar sem koma fram í frétt frá fyrrum bæjar- stjóra á vef bæjarins frá 28. apríl sl. um að samningur hafi verið undirritaður um kaup á nýjum dúk frá Duol er ekki rétt þar sem enginn samningur virðist liggja fyrir, heldur aðeins tilboð sem hefur einungis verið undirritað af hálfu Hveragerðisbæjar, en ekki Duol. Tilboðið var þar að auki undirritað af hálfu Hvera- gerðisbæjar eftir að gildistími þess rann út. Þá eru upplýsingar sem koma fram í frétt frá fyrrum bæjarstjóra frá 21. maí sl. um að hægt sé að afpanta dúkinn jafnframt röng þar sem ekki er hægt að afpanta það sem aldrei hefur verið pantað. Í undirrituðu tilboði frá Duol kemur fram að greiða þurfi 70% af upphæðinni fyrirfram þegar dúkur er pant- aður og 30% fyrir afhendingu. Aldrei hafa þessi 70% verið greidd né virðist fyrrum meiri- hluti hafa hugað að fjármögnun á uppbyggingu Hamarshallar- innar. Því er ljóst að upplýsingar frá fyrrum meirihluta Sjálfstæð- isflokksins og bæjarstjóra hans um pöntun og samningagerð á dúk frá Duol var ekki rétt og byggði ekki á neinum gögnum. Bæjarfulltrúar Okkar Hvera- gerðis og Framsóknar kölluðu eftir upplýsingum um málið og stöðu þess frá Hveragerðisbæ strax að loknum kosningum þann 16. maí en þá kom í ljós að nánast engin gögn lágu fyrir um málið. Í ljósi þess var kallað eftir upplýsingum og gögnum frá fyrrum bæjarstjóra en erind- inu var ekki svarað. Í ljós kom að nánast engin gögn um málið lágu fyrir í málakerfi bæjarins þrátt fyrir lagaskyldu um skrá- ingu og varðveislu slíkra máls- gagna. Að beiðni meirihlutans sendi staðgengill bæjarstjóra erindi til Duol til að kalla eftir upplýsingum um stöðu mála þar sem þær voru ekki í málakerfi bæjarins og ekki var hægt að fá þær frá fyrrum bæjarstjóra. Þar með talið vantaði upplýsingar



HVERAGERÐISBÆR

um afhendingartíma á nýjum dúk sem skiptir miklu máli um hvort að mögulegt sé að blása upp nýtt loftborið íþróttahús fyrir veturinn. Samkvæmt sér- fræðingum hjá Hveragerðisbæ þarf að blása húsið upp í síðasta lagi í ágúst en það má aðeins gera í mjög stilltu veðri. Ef dúkurinn berst eftir þann tíma er ekki víst að hægt verði að koma húsinu upp fyrir veturinn vegna þess að ekki er hægt að treysta á gott veður. Í þessu samhengi skipta miklu þær 6-8 vikur sem hafa tapast vegna aðgerðarleysis fyrrum meirihluta Sjálfstæðis- flokksins í málinu. Eins og flestir Hveragerðingar þá héldu bæjarfulltrúar Okkar Hvera- gerðis og Framsóknar að málið hefði verið sett í feril af fyrrum meirihluta Sjálfstæðisflokksins og að dúkurinn frá Duol væri þegar í framleiðslu. Því miður reyndist það ekki rétt. Í raun hefur þessi mynd sem hér hefur verið lýst verið að dragast upp á síðustu dögum en upplýsingar um stöðuna hefur skort og þess vegna hefur þurft að kalla eftir gögnum frá Duol í Slóveníu. Í gær, þann 6. júní, barst svar frá Duol þar sem fram kemur að aldrei hafi verið gengið frá samningi um pöntun á dúknum og því hafi hvorki hönnun né framleiðsla farið af stað. Pöntun á efni í dúkinn sé í byrjunarfasa en vegna stöðu á heimsmarkaði getur það tekið tíma. Þá kemur fram í svari Duol að miðað við stöðuna sé möguleiki að afhenda nýtt loftborið íþróttahús úr verk- smiðjunni í byrjun október. Þá á eftir að flytja dúkinn til Íslands og koma honum upp. Miðað við þessar upplýsingar er ljóst að ekki verður komin upp ný Hamarshöll fyrr en í fyrsta lagi í lok október, líklega síðar, hvaða leið sem farin verður í uppbyggingu hennar, hvort sem keypt er loftborið íþróttahús eða fjárfest í hagstæðu stálgrindarhúsi. Rétt er að nefna að ef máls- meðferðin hefði verið vönduð strax í upphafi þar sem aðrir hagkvæmir kostir hefðu verið kannaðir og ákvörðun verið tekin út frá þeirri skoðun væri staðan líklega önnur en nú. Slík vinnubrögð hefðu verið fremur til þess fallin að sátt og samstaða stæði um ákvörðun um upp- byggingu Hamarshallarinnar. Ábyrgðin á þessari alvarlegu stöðu sem upp er komin liggur alfarið hjá fyrrum meirihluta Sjálfstæðisflokksins en ábyrgð- in á því hvað nú gerist í fram- haldinu liggur hjá núverandi meirihluta. Meirihluti Okkar Hveragerð- is og Framsóknar leggur mikla

áherslu á að leitað verði allra leiða til að tryggja íþróttastarf Hvergerðinga næsta vetur og að það verði gert í samstarfi við Íþróttafélagið Hamar og minni- hlutann í bæjarstjórn ef hann kys svo. Í ljósi stöðunnar er því rétt að taka ákvörðun út frá því hvað er best fyrir íþróttastarf í Hvera- gerði til lengri og skemmri tíma. Það er markmið núverandi meirihluta að ný Hamarshöll verði komin upp sem allra fyrst. Möguleikarnir í stöðunni eru því eftirfarandi: 1. Að koma upp loftbornu íþróttahúsi með samningi við Duol. Samkvæmt upplýsing- um frá Duol er fyrsti mögu- legi afhendingartími úr verk- smiðju í byrjun október. Þó þarf að afla nánari upplýsinga frá Duol, s.s. um kostnað, hvort að tilboð sem rann út í apríl standi enn, flutnings- tíma og kröfur sem Íþróttafélagið Hamar gerði um að- stöðu. Núverandi meirihluti hefur þegar sett af stað vinnu meðal starfsmanna bæjarins að afla þessara upplýsinga. 2. Samhliða hefur meirihluti Okkar Hveragerðis og Fram- sóknar óskað tilboða frá tveimur norskum aðilum á stálgrindarhúsum, þ.e. frá Besthall og MSO Sport & Invest. Húsin frá Besthall eru einangruð stálgrindarhús sem klædd eru með dúk en húsin frá MSO Sport & Invest eru stálgrindarhús sem eru einangruð með yleiningum. Teikningar af sökkli Hamarshallarinnar hafa verið sendar til þessara aðila sem skoða samhliða tilboðsgerð hvort að hægt sé að setja stálgrind á grunninn og hvort styrkja þurfi hann. Óskað hefur verið eftir upplýsingum um hvenær hægt verði að koma umræddum húsum upp. Um leið og fullnægjandi upplýs- ingar liggja fyrir í málinu mun meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar boða til auka- bæjarstjórnarfundar til að taka ákvörðun hratt og vel um upp- byggingu Hamarshallarinnar og mun bæjarstjórn vinna náð með Íþróttafélaginu Hamri vegna málsins. Vonast er til þess að þessar upplýsingar liggi fyrir á næstu dögum og verði þá hægt að koma málinu áfram. Það er von meirihlutans að allir sem að málinu hafa komið, Íþróttafélagið Hamar og öll bæjarstjórn muni vinna saman að því að leysa úr þessari alvarlegu stöðu sem upp er komin. Virðingarfyllst. Meirihluti bæjastjórnar í Hveragerði Dagný S. Sigurbjörnsd. (O-lista) Njörður Sigurðsson (O-lista) Sandra Sigurðardóttir (O-lista) Halldór B. Hreinsson (B-lista) Jóhanna Ý. Jóhannsd.(B-lista)



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli er heildstæður leik- og grunnskóli með um 70 nemendur. Eftirtaldir stöður eru lausar í grunnskóladeild fyrir skólaárið 2022-2023

Sérkennari í 100% starf

Helstu verkefni og ábyrgð Starfar eftir starfslýsingu sérkennara.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu eða þroskaþjálfamenntun
- Reynsla af sérkennslu æskileg
- Sveiganleiki og mjög góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Stuðningsfulltrúi á elsta stig ásamt vinnu í frístund 100% starf

Helstu verkefni og ábyrgð Starfar í nánu samstarfi við umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundar.

Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sérkennslu æskileg
- Sveiganleiki og mjög góð færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Skólaliða og frístundarstrfsmanni samtals 100% stöða

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi og sótt er um.
- Sveiganleiki og mjög góð færni í samskiptum.
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Áhugi á að starfa með börnum á ólíkum aldri.

Umsóknarfrestur er til 25. júlí 2022.

Nánari upplýsingar um störfín veitir Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480 5520/863 0463 eða í tölvupósti á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is og Íris Anna Steinarrs- dóttir aðstoðarskólastjóri iris@kerholsskoli.is

Umsóknum skal fylgja nöfn umsagnaraðila og ferilskrá. Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL
í Grænumörk, Selfossi.
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er
lokuð í sumar frá 1. júní til
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.
Sími gjaldkera er 894 9465.

HEILSUEFLING 60+
á íþróttavelli
þriðjudaga og fimmtudaga

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

KRANAVINNA
GRÖFUVINNA
25 ÁRA REYNSLA

Díddi S. 861 4966



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Helgistund sunnudaginn 19. júní
kl. 11:00. Prestur Arnaldur
Bárðarson, organisti Ester Ólafsdóttir.
Morgunbænir þriðju-,
miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Torfastaðakirkja

Guðsþjónusta 17. júní kl. 13 í
tengslum við hátíðardagskrá.
Organisti er Jón Bjarnason. Sr.
Dagur Fannar Magnússon þjónar
fyrir altari og prédikar.

Þingvallakirkja

Messa 17. júní kl. 14 á lýðveldis-
hátíðinni. Sr. Kristján Björnsson,
biskup, þjónar fyrir altari og pré-
dikar.

Skálholtsdómkirkja

Sunnudaginn 19. júní er messa
kl. 11. Kvenréttindadagurinn.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 18. júní.
Bíblíulexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12 með ræðu hefur Eric
Guðmundsson. Verið velkomin.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Kvenfélagið Líkn færir HSU og Hraunbúðum gjafir

Þann 8. júní 2022, færði
Kvenfélagið Líkn sjúkra-
deild HSU og Hraunbúðum
baðstól, loftdýnur og lífsmarka-
mæli.

Til viðbótar er væntanlegt á
næstu dögum heyrnarmælingar-
tæki frá kvenfélaginu Líkn.
Heildarverðmæti þessara gjafa
er um ein og hálf milljón króna.
Undanfarið hefur farið fram
fyrirtækjasöfnun og einnig

merkjasala hjá kvenfélaginu og
vilja Líknarkonur koma áfram
þakklæti til allra þeirra sem hafa
styrkt þær.

Heilbrigðisstofnun Suður-
lands þakkar Kvenfélaginu Líkn
innilega fyrir að styðja enn og
aftur við bakið á stofnuninni
og þakkar einnig fyrir þann
góða hug sem að baki býr. Það
er mikil gæfa stofnunarinnar að
eiga svona góðan bakhjarl. HSU



Hjörtur lætur af störfum hjá Tónlistarskóla Árnesinga

Hjörtur B. Hjartarson fór á
Heftirlaun í vor, eftir 30 ára
starf við skólann. Fjöldi nem-
enda hefur notið leiðsagnar
Hjartar á kennsluferlinum, enda
hefur hann kennt á fjölmörg
hljóðfæri og á mörgum kennslu-
stöðum skólans.

Þökkum við Hirti innilega
fyrir öll árin sem hann léði Tón-
listarskóla Árnesinga krafta
sína.

Meðfylgjandi myndir eru frá
skólaslitum í Kerhólsskóla og á
Stokkseyri í vor, þar sem Hjörtur
kom fram ásamt nemendum
sínnum.

Fréttatilkynning frá
Tónlistarskóla Árnesinga



Frábær dagskrá á Allt í blóma

Fjölskyldu, skemmti og tónlistarhátíðin Allt í Blóma verður halin dagana 30. júní til 3. júlí í Lystigarðinum í Hveragerði. Það verður risatjald alla dagana sem endar með dansleik á laugardagskvöldið. Barna og tónlistardagskrá á laugardag, Ís í boði Kjörís, Síma-bíllinn verður á staðnum með varning. Stórtónleikar í Lystigarðinum á Laugardagskvöldið, dansleikur að því loknu í tjaldinu.

Fram koma, Stebbi Jak, Jón Jónsson, Guðrún Árný, Jógvan Hansen, Unnur Birna, Magnús og Jóhann, Alexander Mikli, Hlynur Snær og Sæbjörg, Tóna fljóð, Wally trúður, Suðurlandsdjazz ásamt mörgu öðru.



Smölun vegna lausagöngu kinda í Árborg



Sveitarfélagið Árborg ætlar að láta smala sauðfé sem er í lausagöngu við vegi og utan hólfa í sveitarfélaginu á næstu dögum. Kindurnar verða reknar til réttar og markskoðaðar. Eigendur sauðfjár á svæðinu eru hvattir til þess að gæta af því að þeirra fé þeirra sé innan eigin girðinga. **Bent er á að lausaganga búfjár er bönnuð innan sveitarfélagsins og verða þau mál skoðuð í samræmi við þær reglur sem um það gilda.**

<https://www.arborg.is/media/samthyktir/Samthykt-um-bufjarhald.pdf>

Frekari upplýsingar veitir þjónustumiðstöð Árborgar

Þakkir

Fyrir 10 árum var hafist handa við að bæta aðkomu að Flóðgátt Flóaáveitunnar á Brúnastaðflötum og gerður var vel akfær vegur austan Vélaskurðar að henni, auk bílaplans við Flóðgátt og upplýsingaskiltis, sem nú hefur látið á sjá.

Nýlega voru ristarlið sett á veginn og bílaplan við Flóðgátt afgirt. Nýtt upplýsingaskilti var einnig sett upp við afleggjarann af Brúnastaðavegi að Flóðgáttinni.

Ýmsir aðilar hafa lagt þessum framkvæmdum lið, ýmist með verkum eða fjármunum. Við framkvæmdina fyrir 10 árum vann Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, auk þess hafa bæði fyrr og nýlega lagt verkinu lið, Flóahreppur, Vegagerðin, Ráðuneyti samgöngumála og ráðherrar þess, MS og Auðhumlu og Gunnar Jónsson bifreiðarstjóri

auk ýmissa annara. Þá ber að nefna Guðna Ágústsson, fyrrum ráðherra, sem hefur verið mikill hvatamaður að þessum verkum og verið tengiliður við ýmsa sem stutt hafa verkefnið. Stjórn Flóaáveitunnar þakkar þeim öllum liðsinnið.



Við afhjúpun nýja upplýsingaskiltisins. Guðmundur Stefánsson, framkvæmdastjóri og fyrrum stjórnarformaður Flóaáveitunnar, setur samkomuna með stuttu sögulegu yfirliti. Mynd: Jón Tryggvi Guðmundsson.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Vilt þú gerast dagforeldri í Árborg?



Auglýst er eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að gerast dagforeldrar í Sveitarfélaginu Árborg. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi verktakar en umsjón og eftirlit með starfsemi þeirra sem og ráðgjöf til dagforeldra og foreldra er á vegum sveitarfélagsins.

Við vekjum athygli á að niðurgreiðsla er 70.000 kr. fyrir 8 tíma vistun barns. Jafnframt er dagforeldrum veittur stofnstyrkur að fjárhæð kr. 100.000 miðað við að dagforeldri sé með leyfilegan hámarksfjölda barna í gæslu.

Ef þú hefur áhuga á að gerast dagforeldri í Árborg má finna umsóknareyðublað inni á Mín Árborg, rafrænni íbúagátt á www.arborg.is.

Nánari upplýsingar veita Björg Maggý Pétursdóttir, ráðgjafi, netfang: bjorgm@arborg.is eða Guðný I. Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi, netfang: gir@arborg.is í síma 480-1900

AUGLÝSING UM ÚTBOÐ



Sveitarfélagið Grímsnes – og Grafningshreppur, óskar eftir tilboðum í hönnun og ráðgjöf fyrir **VIÐBYGGINGU ÍPRÓTTAMANNVIRKIS Á BORG Í GRÍMSNESI**, útboð nr. 003.

Lauslegt yfirlit yfir verkið:
Hanna skal um. 680 m² viðbyggingu við Íþróttamiðstöðina á Borg í Grímsnesi við Skólabraut 2, í samræmi við útboðsgögn verks. Viðbyggingin tengist við austurgafli íþróttasalar Íþróttamiðstöðvarinnar. Aðalinngangur er á norðurhlíð en aðgengi er innanhúss frá sundlaug og íþróttasal. Viðbyggingin er með líkamsræktarsal og stoðrymum, skrifstofusvæði og stoðrymum á 2. hæð. Líkamsræktarsalurinn er niðurgrafinn að hluta. Lyfta er á milli hæða. Viðbyggingin sem er í notkunarflokki 2, tengist núverandi íþróttahúsi og sundlaugarbyggingu sem kallar á rif á gluggahlið sundlaugarbyggingarinnar að hluta og að tekið sé úr vegg á gaffli íþróttahússins fyrir tvöfaldri hurð. Aðgengi er á milli íþrótt- og líkamsræktarsalsins fyrir flutning á tækjum og til íþróttaiðkunar og til samnýtingar á rýmum við kennslu, íþróttæfinga eða á íþróttaviðburðum. Þá skal aðlaga hæð lóðar að hæðarsetningu aðliggjandi lóða. Öll hönnun á aðkomu og innra skipulag miðast við að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla.

Óskað er eftir tilboðum frá hönnunarhópum sem samanstanda af eftirfarandi faghönnuðum:

- Verkfræðihönnuðum,
 - o Burðarvirki og grundun
 - o Lagnir
 - o Vatnsúðunarkerfi
 - o Loftþræsing
 - o Raflagnir og rafkerfi
 - o Lýsingarhönnun
- Ráðgjöf í hljóðvist – hljóðhönnun

Skilyrði þátttöku eru nánar útskýrð í útboðsgögnum sem verða afhent á rafrænu formi frá og með **Þriðjudeginum 14. júní 2022**. Þeir sem hyggjast taka þátt í útboðinu skulu hafa samband við Ragnar Ómarsson hjá Verkís hf. með tölvupósti í netfangið rom@verkis.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang sitt og fá útboðsgögnin í kjölfarið send í tölvupósti.

Gögnum þátttakenda skal skila til Verkís hf., fyrir **14.00 mánudaginn 4. ágúst 2022**. Fyrirmælum varðandi skil gagna er nánar lýst í útboðsgögnum. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Sveitarfélagið Grímsnes – og Grafningshreppur



Valgeir, Sindri Mjólnir og Ásta Krístrún. Mynd: Kristinn Magnússon.

Valgeir Guðjónsson 70 ára Hátíðartónleikar í Skálholti á Þjóðhátíðardaginn

Dagskráin hafði spurnir af þessum merku Sagnatónleikum sem haldnir verða á sjálfum Þjóðhátíðardegi Íslendinga. Að sögn Ástu Krístrúnar þótti tilhlýðilegt að frumflytja verk bónda hennar Valgeirs Guðjónssonar í Skálholti þar sem einmitt á þeim stað haldast sagan og þjóðin hönd í hönd.

Aðspurð sagði hún að verkið væri útkoma náns samstarf Valgeirs, Sindra Mjólnis og hennar. Valgeir er höfundur tónlistar og lagatexta, Sindri bindur lögin saman í söguþráð með stuttum sögum og í veigamikilli Tónleikaskrá sem er gerð af þessu tilefni fellir hann inn listrænar teikningar sínar við hvert lag og stað í sögunni hverju sinni.

Ásta kveðst hafa verið brúin á milli þessara tveggja listamanna sem eru á afar ólíkum aldri.

Valgeir Guðjónsson er flestum kunnur sem komnir eru um og yfir miðjan aldur, en Sindri Mjólnir sem er borinn og barnfæddur á Selfossi er nýorðin 28 ára og er án efa að stimpla sig inn í menningarflóru landsins með þessu verkefni. Sindri Mjólnir

lauk námi í kvikmyndagerð með láði við Columbia College Hollywood og fagmennska hans kristallast fagurlega í tónleikaskránni sem kemur út í takmörkuðu upplagi af tölusettum eintökum. Sem sagt Hátíðartónleikar með Tónleikaskrá sem safngrip. Prentmet Oddi á Selfossi á svo heiðurinn af að skila útkomunni í vandað prentverk.

Ásta segir að frumflutningur á Saga Musica sé aðallega hugsaður fyrir Íslendinga, en textar Valgeirs og sögur Sindra í Tónleikaskránni eru á ensku með hliðsjón af þeim stóra markhópi sem hrífst af Íslendingasögunum og öllu því sem að víkingatímabilinu snýr. „Til að létta undir með áheyrendum hvað varðar hrynjanda í söguþræði hef ég unnið stutta útdrætti á íslensku, sem ég mun flytja á milli laga sem upptakt“, segir Ásta enda erum við að tala um Sagnatónleika. „Rjóni tónlistafólks flytur verkið ásamt Valgeiri og flytjendur eru hvorki meira né minna en sjö talsins. Heiðurgestur tónleikanna verður svo okkar yndislega Valgerður Guðnadóttir leik-

og söngkona sem hefur áður unnið með okkur Bakkastofuhjónum í flutningi stakra Saga Musica laga. Reyndar voru okkar fyrstu kynni þegar hún var í hlutverki Fjallkonunnar árið sem Bakkastofa var stofnuð en þá var Valgeir höfundur ávarps Fjallkonu.“ Á tix.is má kaupa miða en einnig tónleikaskrána og lesa nánar um tónleikana.

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþiðgerðir - Almennar raflagnir

**ÁRBORG
TAXI**
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Jiibbiíi
Siggafærðir
- Flutningapjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

**Rétting
og málun**

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is